



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2021
R20110234
3506

Borgarráð

Samkomulag um flýtingu framkvæmda við gervigrasvelli fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að samkomulagi um flýtingu framkvæmda við gervigrasvelli fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samkomulagi um flýtingu framkvæmda við gervigrasvelli fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt.

Samkomulag um flýtingu framkvæmda við gervigrasvelli fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt

Í viljayfirlýsingu dags. 24. mars 2021 milli Knattspyrnufélagsins Þróttar, kt. 470678-0119, Glímufélagsins Ármanns og Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, er m.a. rætt um að deiliskipulag fyrir nýja gervigrasvelli til knattspyrnuíðkunar austan Laugardalsvallar verði tilbúið til auglýsingar í lok apríl 2021.

Á fundi Skipulags- og Samgönguráðs þann 26. maí 2021 var samþykkt að auglýsa, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2019, tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Breytingin felur í sér skilgreiningu íþróttamannvirkja á svæði austan Laugardalsvallar. Gerðir verða nýir gervigrasvellir á svokölluðum Valbjarnarvelli. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum gervigrasvöllum til æfinga og að þeir verði afgirtir með netgirðingum og heimilt verði að reisa ljósmöstur við vellinu. Áfram er gert ráð fyrir núverandi tennisvöllum og opnum göngu og skokkleiðum á milli Laugardalsvallar og gervigrasvalla, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 28. apríl 2021. Borgarráð samþykkti þann 3. júní 2021 að senda framangreinda deiliskipulagstillögu í auglýsingu.

Á fundi borgarráðs 20. maí sl. var samþykkt að ráðist yrði í endurbætur á aðalvelli Þróttar og gerð á nýjum gervigrasvelli í Laugardal í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 18. febrúar sl. og niðurstöðu sameiginlegs starfshóps Reykjavíkurborgar, Þróttar og Ármanns. Stefnt er að því að framkvæmdir eigi sér stað árið 2021 og 2022 í stað árána 2022-2014 áður. Þetta er háð staðfestingu deiliskipulags og framgangi innkaupa- og útboðsmála.

Gert er ráð fyrir að þegar framkvæmdum við þessa nýju gervigrasvelli er að fullu lokið láti Þróttur af hendi grasæfingasvæði við TBR og Suðurlandsbraut og fái síðar, að loknum framkvæmdum við nýjan frjálsíþróttavöll og nýtt kastsvæði, svæðið norðan Laugardalsvallar, þar sem verði æfingasvæði fyrir knattspyrnu með náttúrulegu grasi.

Undirbúningur annarra atriða sem kveðið var á um í ofangreindri viljayfirlýsingu verður fram haldið í sameiginlegum starfshópi Reykjavíkurborgar, Þróttar og Ármanns.

Reykjavík, [DAGS]

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Knattspyrnufélagsins Þróttar